

Foreldrahandbók leikskóla Auðarskóla



Leikskóli Auðarskóla

Miðbraut 6 – 10

370 Búðardal

Netfang: leikskoli@audarskoli.is

Aðalsími Auðarskóla 430 - 4757

Tröllaklettur 430 - 4712

Dvergahlíð 430 - 4713

Aðstoðarleikskólastjóri 430 - 4711

Ágætu foreldrar/forráðmenn

Foreldrahandbók leikskóla Auðarskóla veitir foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Góð samvinna starfsmanna leikskólans og foreldra er grunnur að velferð barnsins og þannig fær barnið notið leikskóladvalarinnar eins og kostur er. Handbókin er góður leiðarvísir þar sem allar mikilvægustu upplýsingarnar komi fram um starfsemi leikskólans. Fleiri upplýsingar má einnig finna á heimsíðu skólans, Audarskoli.is.

Sýn Auðarskóla

Einkunnarorð Auðarskóla í öllu starfi hans eru:

Ábyrgð – Ánægja – Árangur

Auðarskóli vinnur á grunni eftirfarandi gilda og stefnumiða:

Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og samfélagi.

Að skapa jákvætt andrúmsloft og vellíðan allra nemenda og starfsmanna.

Að efla sjálfstraust, frumkvæði, sjálfstæða lífssýn og ábyrgð nemenda.

Að glæða þekkingaleit og stuðla að fjölbreyttu og skapandi starfi.

Að allir séu metnir að verðleikum og njóti skilnings og öryggis.

Að veita því athygli sem vel er gert með umbun og hrósi.

Að miða nám og mat á því við forsendur hvers og eins.

Að byggja upp nán tengsl skóla, foreldra og samfélags.

Leikskóli Auðarskóla

Auðarskóli er sameinaður skóli sveitarfélagsins Dalabyggðar. Skólinn hóf starfsemi sína í ágúst árið 2009. Nemendur Auðarskóla skólaárið 2025–2026 eru um 90 talsins. Leikskóli Auðarskóla er staðsettur við Miðbraut í Búðardal, mitt í þorpinu, stutt frá húsnaði grunnskóla, mötuneyti og tónlistarskóla Auðarskóla.

Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli og bera deildirnar heitin **Dvergahlíð** og **Tröllaklettur**. Leikskólinn er fyrir nemendur frá 12 mánaða aldri til grunnskólaaldurs. Á Dvergahlíð dvelja, alla jafna, eins til þriggja ára gömul börn og á Tröllakletti eru þriggja til sex ára gömul börn. Aldur ræður ekki eingöngu skiptingu og færslu barna á milli deilda og eru forsendur misjafnar milli tímabila, allt eftir aðstæðum.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7.45 til kl. 16.15, mánudaga til fimmtudags og opinn 7:45 til 14:00 á föstudögum. Nokkrir vistunarmöguleikar eru í boði. Nánar má kynna sér reglur um innritun og vistun leikskólabarna á heimasíðu skólans og hjá skóla- og/eða aðstoðar-leikskólastjóra.

Allar helstu upplýsingar um leikskólann eru birtar á heimasíðu skólans og í starfsáætlun Auðarskóla sem gefin er út á hverju hausti. Foreldrar eru ávallt hvattir til að kynna sér starfsáætlun skólans hverju sinni ásamt öðrum upplýsingum um skólastarfið sem þar eru að finna.

Kennslu- og námsefni leikskólans

Allt náms- og kennsluefni í leikskólanum fléttast saman í þemavinnu, í daglegum samræðum og leik alla daga.

Námsvísar – Þemu

Með þemu þá er verið að vinna að ákveðnum markmiðum og tengja námsefni leikskólans saman. Unnið verður með fjögur þemu á hvorri deild. Á Dvergahlíð verður unnið með dýr í byrjun skólaárs og á Tröllakletti verður unnið með Norðurlöndin og lönd barnanna. Á báðum deildum verða svo þemu tengd hátíðum, fatnaði og fuglum. Hvert þema spannar 8 – 13 vikur og litar skólastarfið okkar á ýmsan hátt. Lesnar verða bækur, listaverk sköpuð, verkefni unnin og söngvar sungnir sem tengjast þemunum okkar á einn eða annan hátt. Námsvísana má nálgast á heimasíðu skólans.

Vináttuleikskóli

Leikskóli Auðarskóla er Vináttuleikskóli. *Vinátta* er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla. Verkefnið á rætur að rekja til Danmerkur og ber þar heitið *Fri for mobberi*. Mikil ánægja er með verkefnið þar sem það er notað og rannsóknir í Danmörku og Íslandi hafa leitt í ljós mjög góðan árangur af notkun þess. Í *Vináttu* læra börnin mikilvægi þeirra gilda sem verkefnið snýst um. Þau læra að bera virðingu fyrir öðrum, að sýna hvert öðru umburðarlyndi og umhyggju og að öðlast hugrekki til þess að aðstoða aðra ef á þarf að halda. Hægt er að flétta vinnu með *Fri for mobberi* inn í flesta vinnu og námssvið leikskólans þar sem.

Blær er bangsi *Vináttu*. Honum er mjög umhugað um að börn séu góðir vinir og hjálpsöm hvert við annað. Hvert barna á sinn litla hjálparbangsa og geta börnin leitað til Blæs ef þau þurfa. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum vinnubrögðum svo sem hlustun, umræðum, tjáningu í leik, tónlist og hreyfingu úti sem inni. Í námsefninu er að finna samræðuspjöld sem nota má við ýmsar aðstæður og hægt er að ræða með börnunum, klípusögur, útileikjabók, nuddhefti, söngvabók, geisladiskur o.fl. Þar má einnig finna klípusögur fyrir starfsfólk og foreldra. Allt starfsfólk leikskólans hefur sótt námskeið og öðlast réttindi til að kenna börnum efni þess.

Lesi má meira um Vináttuverkefnið á heimasíðu [Barnaheilla](#).



Læsi - Lubbi í leikskólanum



Læsi í leikskóla felur í sér að börnum eru skapaðar aðstæður til að þau fái að efla þekkingu, leikni og hæfni sína til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskóla Auðarskóla er grunnvinna læsis unnið í gegnum hljóðasmiðju Lubba. Þar er lagt upp með snemmbúið læsi eða bernskulæsi (emergent literacy). Í bókinni Lubbi finnur málbein er unnið með nám í þvíidd og er þá átt við að hljóð og tileinkun hljóða fari fram í gegnum sjónsken, heyrnarsken og hreyfi- og snertisken. Þannig er bilið brúað á milli stafs og hljóðs. Stuttar sögur tengjast hverju máhljóði og þar er einnig að finna ríkulegan orðaforða sem verður hvati að auðugu málfari. Spurningar í sögulok gefa færi á áhugaverðum samræðum, rökræðum og vangaveltum. Mikilvægt er að hafa í huga að ávallt er unnið með hljóð en ekki bókstafi og það auðveldar börnum að tengja hljóðin við stafina síðar meir. Foreldrar eru hvattir til að kynna sér hugmyndafræði Lubba námsefnis. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að huga að því að veita börnum tækifæri til tjáningar, beita virkri hlustun og lesa fyrir börn frá upphafi máltöku og upp alla skólagönguna. Því betri málþroska sem barn hefur er það betur í stakk búið til að takast á við læsi og lestrarnám.

TMT – Tákn með tali

Tákn með tali er notað fyrir heyrandi fólk en sem notar ekki málið af ýmsum ástæðum t.d. vegna fatlana, málþroska raskana eða t.d. einhverfu.

TRAS – HLJÓM-2

TRAS og HLJÓM-2 eru mælitæki til að fylgjast með, meta og skrá málþroska barna. TRAS er hugsað fyrir börn frá 2,5 árs á meðan HLJÓM er matstæki fyrir börn frá 5 ára.

Leiðtogiinn í mér

Með leiðtogiinn í mér er verið að vinna með 7 venjur til að öðlast árangur og samlegð.

Venja 1 – Vertu virkur

Venja persónulegrar ábyrgðar. Við lærum hvernig við náum betri stjórn á eigin lífi.

Venja 2 – Í upphafi skal endinn skoða

Venja persónulegrar sýnar. Við lærum að lifa með tilgangi og sýn.

Venja 3 – Mikilvægast fyrst

Venja forgangsroðunar og tímastjórnunar. Við lærum að verja tímanum okkar í það sem skiptir mestu máli og hvernig er hægt að einblína á það mikilvægasta fyrst og enda á því sem er minnst mikilvægast.

Venja 4 – Hugsaðu Vinn-Vinn

Venja sameiginlegra hagsmuna. Með venju 4 er verið að kenna hvernig kem ég auga á ávinning fyrir alla.

Venja 5 – Skilja fyrst, miðla svo

Venja skilningsríkra samskipta. Hér er verið að læra hvernig við skiljum aðra betur.

Venja 6 – Skapaðu samlegð Venja skapandi samstarfs.

Hér lærum við hvernig við getum unnið með öðrum við að finna skapandi lausnir.

Venja 7 – Skerptu sögina Venja daglegrar endurnýjunar.

Hér lærum við hvernig við getum fjárfest í okkur sjálfum.

Dagskipulag leikskóla Auðarskóla

Kl. 7.45 - Leikskólinn opnar

Kl. 7.45 – 8.00 Róleg stund

Kl. 8.00 – 8.45 Morgunmatur

Kl. 8.45 – 10.00 Hópastarf / Ávaxtastund

Kl. 10.00 – 11.00 Útivist

Kl. 11.00 – 12.00 Hádegismatur

Kl. 12.00 – 13.00 Svefn / Leikur

Kl. 13.00 – 14.00 Svefn / Útivist / Leikur

Kl. 14.00 – 14.30 Síðdegishressing

Kl. 14.30 – 16.15 Frjáls leikur / Útivist

Kl. 16.15 - Leikskólinn lokar



Skóladagatal

Skipulagsdagar eru sex á skólaárinu og eru þeir á skóladagatali leikskólans. Þeir eru auglýstir með góðum fyrirvara. Skóladagatal er að finna á heimasíðu skólans audarskoli.is á slóðinni: [Skóladagatöl | Auðarskóli](#)

Samband leikskóla vinnufélaga				Leikskóladagatal 2025 - 2026												Leikskóli Auðarskóla											
AGÚST		SEPTEMBER		OCTOBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRUAR		MARS		APRIL		MÁI		JÚNÍ		JÚLÍ		Agúst 2026			
1 F	1 M	1 M	1 M	1 L	1 L	1 M	1 M	1 F	Fúrnisdagurinn	1 F	Háskuldagur	1 S	1 S	1 S	1 M	Leikskólinn tekur	1 F	Vinnufélagsdagur	1 M		1 M	Sunnudagur 1. júlí til og með 5. ágúst	1 L	1 L	1 L	1 L	
2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 S	2 Þ	2 Þ	2 F		2 L	Þringingardagur / Láfndagurinn	2 M	2 M	2 M	2 M	2 F	Skóladagur	2 L	2 L	2 Þ		2 M	2 M	2 M	2 M	2 M	
3 S	3 M	3 F	3 F	3 M	3 M	3 M	3 M	3 L	3 L	3 Þ	3 Þ	3 Þ	3 Þ	3 Þ	3 F	Þringingardagurinn tengir	3 S						3 M	3 M	3 M	3 M	Þringingardagurinn tengir
4 M	Þringingardagurinn tengir	4 F	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 S	4 S	4 M	4 M	4 M	4 M	4 M	4 M	4 L	4 M	4 M	4 F	4 F	4 F	4 F	4 L	4 Þ	4 Þ	4 Þ	Þringingardagurinn tengir
5 Þ	5 F	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 F	5 M	5 M	5 Þ	5 Þ	5 Þ	5 Þ	5 F	5 F	5 S	5 S	5 S	5 F	5 F	5 F	5 F	5 S	5 M	5 M	5 M	Þringingardagurinn tengir
6 M	Þringingardagurinn tengir	6 L	6 M	6 M	6 Þ	6 M	6 Þ	6 S	6 S	6 Þ	6 Þ	6 Þ	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 M	6 L	6 L	6 L	6 M	6 M	6 F	6 F	6 F	Þringingardagurinn tengir
7 F	Þringingardagurinn tengir	7 S	7 M	7 F	7 F	7 L	7 L	7 S	7 S	7 M	7 M	7 L	7 L	7 L	7 L	7 Þ	7 Þ	7 Þ	7 F	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 F	7 F	Þringingardagurinn tengir
8 F	8 M	8 M	8 Þ	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 M	8 F	8 F	8 S	8 S	8 S	8 M	8 M	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 M	8 M	8 L	8 L	8 L	8 L	Þringingardagurinn tengir
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 S	9 M	9 Þ	9 Þ	9 M	9 M	9 Þ	9 M	9 M	9 M	9 L	9 L	9 F	9 F	9 F	9 L	9 L	9 M	9 M	9 F	9 F	9 F	9 F	Þringingardagurinn tengir
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 Þ	10 M	10 Þ	10 L	10 L	10 Þ	10 Þ	10 Þ	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M	10 S	10 S	10 M	10 M	10 M	10 F	10 M	10 M	10 M	Þringingardagurinn tengir
11 M	11 Þ	11 L	11 S	11 S	11 F	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 L	11 L	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 F	11 M	11 M	11 M	Þringingardagurinn tengir
12 Þ	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 M	12 Þ	12 S	12 S	12 Þ	12 Þ	12 Þ	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 S	12 S	12 M	12 M	12 M	12 F	12 M	12 M	12 M	Þringingardagurinn tengir
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 S	13 M	13 Þ	13 Þ	13 L	13 L	13 Þ	13 M	13 M	13 M	13 L	13 L	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	13 F	13 M	13 M	13 M	Þringingardagurinn tengir
14 M	14 Þ	14 L	14 S	14 S	14 F	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 L	14 L	14 M	14 M	14 S	14 S	14 M	14 M	14 M	14 F	14 M	14 M	14 M	Þringingardagurinn tengir
15 Þ	15 F	15 M	15 S	15 S	15 M	15 Þ	15 Þ	15 L	15 L	15 Þ	15 M	15 M	15 M	15 L	15 L	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 F	15 M	15 M	15 M	Þringingardagurinn tengir
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 S	16 M	16 Þ	16 Þ	16 L	16 L	16 Þ	16 M	16 M	16 M	16 L	16 L	16 M	16 M	16 S	16 S	16 M	16 M	16 M	16 F	16 M	16 M	16 M	Þringingardagurinn tengir
17 S	17 M	17 F	17 S	17 S	17 M	17 Þ	17 Þ	17 L	17 L	17 M	17 M	17 M	17 M	17 L	17 L	17 M	17 M	17 S	17 S	17 M	17 M	17 M	17 F	17 M	17 M	17 M	Þringingardagurinn tengir
18 M	Þringingardagurinn tengir	18 M	18 Þ	18 L	18 S	18 F	18 F	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M	18 L	18 L	18 M	18 M	18 S	18 S	18 M	18 M	18 M	18 F	18 M	18 M	18 M	Þringingardagurinn tengir
19 Þ	19 F	19 M	19 S	19 S	19 M	19 Þ	19 Þ	19 L	19 L	19 M	19 M	19 M	19 M	19 L	19 L	19 M	19 M	19 S	19 S	19 M	19 M	19 M	19 F	19 M	19 M	19 M	Þringingardagurinn tengir
20 M	20 Þ	20 L	20 S	20 S	20 F	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 L	20 L	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 F	20 M	20 M	20 M	Þringingardagurinn tengir
21 F	21 M	21 Þ	21 L	21 S	21 S	21 F	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 L	21 L	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 F	21 M	21 M	21 M	Þringingardagurinn tengir
22 L	22 Þ	22 F	22 M	22 F	22 M	22 Þ	22 Þ	22 L	22 L	22 M	22 M	22 M	22 M	22 L	22 L	22 M	22 M	22 S	22 S	22 M	22 M	22 M	22 F	22 M	22 M	22 M	Þringingardagurinn tengir
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 S	23 M	23 Þ	23 Þ	23 L	23 L	23 M	23 M	23 M	23 M	23 L	23 L	23 M	23 M	23 S	23 S	23 M	23 M	23 M	23 F	23 M	23 M	23 M	Þringingardagurinn tengir
24 M	24 Þ	24 L	24 S	24 S	24 F	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 L	24 L	24 M	24 M	24 S	24 S	24 M	24 M	24 M	24 F	24 M	24 M	24 M	Þringingardagurinn tengir
25 M	Þringingardagurinn tengir	25 F	25 M	25 S	25 S	25 F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 L	25 L	25 M	25 M	25 S	25 S	25 M	25 M	25 M	25 F	25 M	25 M	25 M	Þringingardagurinn tengir
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 S	26 M	26 Þ	26 Þ	26 L	26 L	26 M	26 M	26 M	26 M	26 L	26 L	26 M	26 M	26 S	26 S	26 M	26 M	26 M	26 F	26 M	26 M	26 M	Þringingardagurinn tengir
27 M	27 Þ	27 L	27 S	27 S	27 F	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 L	27 L	27 M	27 M	27 S	27 S	27 M	27 M	27 M	27 F	27 M	27 M	27 M	Þringingardagurinn tengir
28 F	28 M	28 Þ	28 L	28 S	28 S	28 F	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 L	28 L	28 M	28 M	28 S	28 S	28 M	28 M	28 M	28 F	28 M	28 M	28 M	Þringingardagurinn tengir
29 F	29 Þ	29 F	29 M	29 S	29 S	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 L	29 L	29 M	29 M	29 S	29 S	29 M	29 M	29 M	29 F	29 M	29 M	29 M	Þringingardagurinn tengir
30 L	30 Þ	30 F	30 M	30 S	30 S	30 F	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 L	30 L	30 M	30 M	30 S	30 S	30 M	30 M	30 M	30 F	30 M	30 M	30 M	Þringingardagurinn tengir
31 S	31 M	31 F	31 S	31 S	31 M	31 Þ	31 Þ	31 L	31 L	31 M	31 M	31 M	31 M	31 L	31 L	31 M	31 M	31 S	31 S	31 M	31 M	31 M	31 F	31 M	31 M	31 M	Þringingardagurinn tengir

Leikskólagjöld

Leikskólagjöld eru greidd fyrir fram og ber að greiða þau fyrir 30. hvers mánaðar. Í byrjun hvers mánaðar er sendur út greiðsluseðill í heimabanka. Á heimasíðu Dalabyggðar og á heimasíðu skólans er gjaldskrá leikskólans: [Gjaldskrá Dalabyggðar | Auðarskóli \(dalir.is\)](#)

Dragist greiðsla í þrjá mánuði er litið svo á, að undangenginni viðvörðun, að plássinu hafi verið sagt lausu. Tilkynna skal skriflega á þar til gerð eyðublað ef segja á upp leikskóladvöl og þarf að skila þeim inn fyrir 20. hvers mánaðar og gildir þá uppsögn frá og með 1. degi næsta mánaðar. Segja þarf skriflega upp leikskóladvöl þegar barn hættir vegna komandi grunnskóla-göngu.

Ef óskað er eftir breytingum á dvalartíma barns er sótt um það á sérstöku eyðublaði hjá aðstoðarleikskólastjóra. Skila þarf inn skriflegri beiðni fyrir 20. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi 1. dag næsta mánaðar. Oftast er hægt að bregðast við breytingu á dvalartíma en þó ekki alltaf. Það á sérstaklega við ef óskað er eftir lengri vistun því það getur haft áhrif á starfsmannahald sem erfitt getur verið að bregðast við á miðju skólaári. Grundvallarreglan er sú að ávallt verður að sækja sérstaklega um breytingu. Breytingar á vistunartíma gilda í að lágmarki í þrjá mánuði í senn.

Ef barn er veikt í 2 vikur samfelld, endurgreiðist 1 vika af leikskólagjöldum þess mánaðar. Ef barn veikist í 3 vikur samfelld þá falla niður 2 vikur af leikskólagjöldum, o.s.frv. Foreldrar þurfa að leggja inn beiðni um endurgreiðslu og ber þeim að framvísa læknisvottorði.

Fari leikskólabarn í leyfi á vistunartíma, t.d. vegna ferðalaga, greiðast leikskólagjöld engu að síður enda ljóst að barnið verður í vistun að leyfistíma liðnum. Frí verður að standa yfir í 2 vikur samfelld eða meira til að hægt sé að óska eftir því að fá 1 viku niðurfellda af fæðisgjaldi. Ef frí er 3 vikur þá falla niður 2 vikur af fæðisgjaldi, o.s.frv. Foreldrar þurfa að leggja inn beiðni þess efnis með tveggja vikna fyrirvara. Dvalarsamningur helst fram yfir sumarleyfi nema foreldri segi því upp.

Dvalarsamningur og dvalartími

Foreldrar skrifa undir dvalarsamning þegar barn byrjar í leikskólanum.

Í dvalarsamningi er farið yfir reglur vistunarsamnings og þar er tilgreindur sá tími sem barnið dvelur í leikskólanum. Mikilvægt er að foreldrar virði vistunartíma barnsins ásamt vinnutíma starfsfólks. Í upphafi dags skiptir máli að gefa barninu tíma til að koma í leikskólann og kveðja foreldri.

Leikskólinn opnar kl. 7.45 fyrir þá foreldra sem nýta sér náðarkort.



Vistunartíminn sem dvalarsamningur hljóðar upp á er sá tími sem barn og foreldri geta komið í leikskólann. Ekki gert ráð fyrir að barn sé komið í hendur leikskólastarfsmanns fyrr en á dvalartíma sem vistunarsamningur segir til um. Þegar deginum lýkur er gert ráð fyrir að barnið sé komið í hendur foreldra á þeim brottfarartíma sem dvalarsamningurinn kveður á um og sé á leið út úr leikskólanum.

Á tímabilinu frá 10.00 til 13.00 getur verið erfitt að taka á móti börnum þar sem matartími og hvíld er á þessum tíma dagsins. Mötuneytið fær uppfærðar fjöldatölur barna og starfsfólks fyrir klukkan 10:00 og er magn matar miðað við þann fjölda dag hvern. Foreldrar eru beðnir um að láta leikskólann vita ef börn munu mæta seint í leikskólann og æskilegt er að börn séu ekki að mæta milli 11:30 og 13:00.

Ef barn er sótt eftir að vistunartíma lýkur þá skapar það vandamál í leikskólanum því starfsmannahald, vinnutími starfsmanna og skipulag leikskólans miðast við barnafjölda og vistunartíma þeirra. Aukagjald er innheimt þegar barn er sótt of seint eða barn kemur of snemma sem sjá má í gjaldskrá skólans [Gjaldskrá Dalabyggðar | Auðarskóli \(dalir.is\)](#) og á heimasíðu skólans [Auðarskóli | Auðarskóli](#).

Ef eitthvað verður til þess að ekki er hægt að sækja barn á réttum tíma er nauðsynlegt fyrir foreldra og/eða aðstandendur að hafa samband við leikskólann og tilkynna seinkun.

Samskipti-Upplýsingastreymi



Helstu samskiptamiðlar leikskólans eru tölvupóstur, fjöldataölvupóstar í gegnum Mentor kerfi skólans, Karellen, Teams, fréttabréf og símtöl.

Starfsfólk leikskólans er boðið og búið að hjálpa foreldrum við lausn tæknimála ef þarf.

Tölvupóstar er ein helsta leiðin til að ná til allra foreldra og veita upplýsingar um skipulag og áætlanir. Foreldradagatöl, viðburðir, kannanir og þess háttar koma í tölvupóstum. Foreldrar geta einnig nýtt sér tölvupósta til að senda á starfsmenn leikskólans um mál sem varða þeirra börn.

Í gegnum Karellen fá foreldrar aðgang að helstu upplýsingum varðandi barn sitt; mætingar, matar- og svefnskráningar, veikinda- og leyfisskráningar, viðburðadagatal, matseðla, myndir og fleira. Allir foreldrar eru hvattir til að setja upp smáforritið Karellen í síma sína. Ávallt er hægt að fara inn á Karellen á vafrastiku á vefslóðinni **my.karellen.is**.

Fréttabréf koma út hálfsmánaðarlega og eru nýtt til að koma áfram upplýsingum um daglegt/faglegt starf í leikskólanum. Þar koma fram lýsingar á helstu viðfangsefnum starfsins með börnunum í máli og myndum. Má þar finna upplýsingar um málörvun, hreyfingu, stærðfræði, útikennslu, þema, listgreinar, samverustundir, skólahópsverkefni o.s.frv.

Teams fjarfundakerfið geta m.a. verið nýtt fyrir foreldrasamtöl.

Á heimasíðu skólans er að finna margvíslegar fréttir og upplýsingar. Þar má einnig finna bróðurpart þess sem er í foreldrahandbókinni en einnig eru þar ítarlegri upplýsingar m.a. skólanámskrá, stoðþjónusta, foreldrafélagið, skólaráðið og viðbragðs- og öryggisáætlanir.

Þátttökuaðlögun

Í Auðarskóla er þátttökuaðlögun og er sú aðferð byggð að sænskri fyrirmynd um samstarf foreldra og leikskóla og að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er barnið að venjast nýjum aðstæðum samhliða foreldrum eða forráðamönnum.

Aðferðin byggist meðal annars á þeirri trú að foreldrar smiti eigið öryggi, forvitni og spennu fyrir þessum nýju aðstæðum og skólastarfinu til barna sinna sem gerir það að verkum að **Öruggir foreldrar = örugg börn**. Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur í starfi leikskólans þá öðlast þeir sjálfir öryggi þar sem þeir kynnast starfsemi skólans, starfsfólki og hugmyndafræðum sem leikskólinn vinnur eftir. Aðlögunarferlið er 3 dagar en getur verið lengra eða styttra, tekið er tillit til barnsins og í samráði við foreldra/ forráðamenn ákveðið hvort þörf sé á lengri eða styttri aðlögun. Foreldrar eru með barni sínu fyrstu þrjá dagana í leikskólanum og eru inni á deild og í útivist allan tímann eins og dagskipulag segir til um. Foreldrar sinna sínu barni, skipta á því, gefa því að borða, leika við það og eru til staðar. Fyrstu tvo dagana leggja foreldrar barn til svefns en þriðja daginn sjá starfsmenn um hvíldarstundina. Á fjórða degi kemur barnið um morguninn, kveður foreldra sína og dvelur fullan dag samkvæmt umsömdum vistunartíma. Ýtarlegri upplýsingar má finna hér: [Þátttökuaðlögun | Auðarskóli](#).

Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli leikskólans og foreldra þannig að gagnkvæmt traust ríki. Í aðlöguninni er lagður grunnur að áframhaldandi samstarfi milli starfsfólks og foreldra.

Aðlögun barna að dvöl í leikskóla er mikilvægur tími fyrir barnið, foreldra og starfsfólkið. Helstu kostir þessa aðlögunarforms er að barn og foreldrar kynnast leikskólanum; aðstæðum og starfsfólki saman og starfsfólk kynnist barni og foreldrum.

Mikilvægt að hafa með í aðlögun:

- Snuð og/eða kúrudýr fyrir hvíld noti barn slíkt
- Bleyjur
- Aukafatnað
- Útiföt eftir veðri bæði fyrir barn og foreldra

Foreldrum er bent á að símanotkun inni á deildum leikskólans er ekki leyfð á meðan aðlögun eða dvöl barna þeirra stendur yfir. Ef foreldri þarf að nota síma þá er bent á að hægt er að víkja af deildinni á meðan símtal eða önnur notkun stendur yfir.

Útivera, fatnaður og annar útbúnaður

Útivera

Börnin fara út á hverjum degi jafnvel þó að eitthvað smávegis sé að veðri. Útivera styrkir og eflir, eykur matarlyst og býður upp á holla hreyfingu og samneyti við félagasína sem öllum er nauðsynleg. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist fremur í útilofti en innandyrá. Börn sem dvelja mikið innandyrá eru kulsæknari en þau börn sem vön eru útiveru. Með þetta í huga eru foreldrar beðnir um að hafa samráð við starfsfólk áður en beðið er um að hafa barnið inni vegna smávægilegra kvilla. Börn fá ekki að vera inni nema eftir að hafa verið veik heima með hita, þá mega þau vera inni einn dag. Tekið er tillit til aðstæðna hverju sinni.

Leikskólinn mun ekki vera með viðmið um ákveðið hitastig og hvenær verður ekki farið út og munum við taka því mið til aðstæðna úti og barna hverju sinni þegar verið er að skoða hvort sé farið út eða ei.

Fatnaður

Nauðsynlegt er að börnin hafi með sér viðeigandi klæðnað í leikskólann sem miðast við veðurfar hverju sinni. Áhersla er lögð á að börnin geti tekið þátt í starfi leikskólans bæði úti og inni. Mikilvægt er að börnin séu með aukafatnað ef óhöpp verða. Einnig er gott að merkja fatnað barnanna til að koma í veg fyrir að fatnaður ruglist saman við fatnað annarra barna. Aukafatnaður er geymdur í plastboxum í hólum barna í fataklefa. Leiðbeinandi gátlisti er á plastboxum um hvaða aukafatnað er heppilegt að koma með og þurfa foreldrar að yfirfara aukafatnað barna sinna. Á föstudögum þurfa foreldrar að tæma fatahólf barna sinna í leikskólanum.

Mikilvægt er að merkja allan útifatnað, föt og annað sem fylgir barni í leikskólann.

Gátlisti um aukafatnað sem þarf að fylgja hverju barni: ○ 2 nærfatsett / samfellur ○ 2 sokkapör ○ 2 sokkabuxur eða gammosíur ○ 2 buxur ○ 2 síðermapeysur eða bolir	Gátlisti um útifatnað sem þarf að fylgja hverju barni: ○ Úlpa ○ Þunnar hlífðarbuxur ○ Þykkur galli eða úlpa og þykkar útibuxur ○ Regngalli ○ Nokkur vettlingapör ○ Hlýir sokkar t.d. í stígvél ○ Húfa og buff ○ Vetrarskór ○ Stígvél ○ Léttir skór
--	---

Bleyjur

Foreldrar þurfa að útvega og koma með þær bleyjur sem þeir vilja að börnin noti en aðrar hreinlætisvörur ásamt smyrslum og kremum eru til staðar í leikskólanum. Ef foreldrar vilja að ákveðin smyrsl eða krem séu notuð á húð eða bleyjusvæði barna sinna þá má láta þau fylgja með og eru þau geymd í hólfum barnanna í skiptiaðstöðu á salernum deildanna. Allar gerðir af bleyjum eru í boði en buxnableyjur eru ekki hagkvæmur kostur í leikskólanum.

Snuð og kúrudýr

Snuð og kúrudýr eru velkomin í leikskólann. Ef snuð og kúrudýr fylgja börnum þá er mikilvægt að þau séu vel merkt.

Að koma og fara

Þegar foreldrar koma er mikilvægt að koma með barnið inn á deild til að tryggja öryggi barns og gæta þess að barnið rati í hendur starfsfólks. Þegar barn er sótt í leikskólann þarf að gera vart við sig áður en barn er tekið úr leikskólanum og þarf að láta starfsfólk vita ef aðrir en forráðamenn koma að sækja barnið af öryggisástæðum. **Börnum yngri en 12 ára er ekki heimilt að sækja börn í leikskólann.**

Þegar komið er með börn eða þau sótt í leikskólann fara oft fram samskipti á milli foreldra og starfsmanna. Þótt mínúturnar séu fáar eru þær nýttar til að skiptast á fréttum og upplýsingum um það sem er að gerast í lífi barnsins innan og utan leikskólans. Foreldrum er velkomið að staldra við og spjalla eða líta inn í leikskólann og taka þátt í starfinu ef þeir hafa tíma. Foreldrar geta ávallt haft samband við starfsfólk leikskólans til þess að spyrjast fyrir um líðan barnsins. Eins leggur starfsfólk áherslu á að hafa samband við foreldra ef eitthvað sérstakt kemur upp á í tengslum við líðan barnsins, t.d. ef veikindi koma upp o.s.frv..

Foreldrar sjá sjálfir um að koma aukafötum fyrir í kassa og sjá til þess að allur fatnaður og búnaður sé til taks og tilbúinn til notkunar fyrir börnin í hólfum þeirra í upphafi hverrar viku. Starfsfólk sér um að koma fyrir auka- og útifötum skólabílabarna þegar þau koma í leikskólann í byrjun vikunnar. Taka þarf eða senda heim öll útiföt og alla muni sem eru í hólfum barnanna á síðasta degi vikudvalar vegna þrifa á hólfum í anddyri.

Matur í leikskólanum

Morgunmatur er framreiddur frá kl. 8 og til kl. 8.45 alla daga. Á boðstólum er hafragrautur, Cheerios og Havrefras morgunkorn, mjólk (laktósalausa, möndlu- eða haframjólk fyrir þá sem þurfa), AB-mjólk, músli, kanill, döðlur og rúsínur. Auk þess er alltaf ávaxtastund um kl. 10 hvern dag.

Hádegismatur er framreiddur frá kl. 11.00 og til kl. 12:00 alla daga. Maturinn er eldaður í mötuneyti skólans í Dalabúð og er ferjaður yfir í leikskólann í hitakösum. Hægt er sjá matseðil hvers mánaðar á heimasíðu skólans [Mötuneyti | Auðarskóli \(dalir.is\)](#) og á Karellen.



Síðdegishressing er borin á borð frá kl. 14.00 og 14:30 alla daga. Á boðstólum er mjólk (laktósalausa, möndlu- eða haframjólk fyrir þá sem þurfa) eða vatn, brauð og hrökkbrauð. Einnig er boðið upp á úrval áleggs svo sem smjör, ost, skinku, kæfu, grænmeti, banana, epli og kavíar. Öll börn eru hvött til að smakka þann mat sem er á boðstólum hverju sinni.

Sérfæði er á boðstólum fyrir þá sem það þurfa. Leggja þarf inn læknisvottorð vegna óþols og ofnæmis.

Samstarf við foreldra, nær samfélag og grunnskóla

Foreldrasamstarf

Í Auðarskóla er mikil áhersla lögð á gott samstarf við foreldra. Markmiðin með foreldrasamstarfi eru að:

- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna,
- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans,
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans,
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Í leikskólanum er borin virðing fyrir tíma foreldra og barna og mikilvægi samveru þeirra. Vistunartími barnanna í leikskólanum er því til viðmiðunar en foreldrar geta kosið að nýta ekki alltaf að fullu þann tíma. En mikilvægt er að láta leikskólann vita ef barn kemur seinna í leikskólann en dvalarsamningur segir til um, sjá nánar í kafla um dvalarsamning og dvalartíma.

Samstarf foreldra og leikskóla er mikilvægur liður í velferð barnanna. Sum börn dvelja stóran hluta dagsins í leikskólanum og því er nauðsynlegt fyrir starfsfólkið að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Við viljum að foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann og leggjum áherslu á góð samskipti og þátttöku foreldra í starfi leikskólans. Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári fyrir hvert barn en foreldrum er velkomnið að biðja um samtöl oftar ef þeir vilja. Foreldrafundur er haldinn að hausti þar sem vetrarstarfið er kynnt og farið yfir áherslur í starfinu ásamt nýjungum.

Vert er að geta þess að starfsfólk leikskólans er bundið þagnarheiti og óheimilt að ræða málefni barna utan vinnustaðar. Þagnarheitið er í gildi þó starfsmaður láti af störfum. Enn fremur bendum við góðfúslega á að foreldrum er ekki heimilt að tala um það sem þeir upplifa eða heyra sjálfir í leikskólanum varðandi önnur börn, fjölskyldur þeirra eða starfsfólk. Einnig er mikilvægt að virða það að starfsfólk er ekki heimilt að veita öðrum en foreldrum upplýsingar um barn.

Sameiginlegir viðburðir með foreldrum

Á hverju skólaári eru nokkrir viðburðir í starfi leikskólans sem eru sérstaklega haldnir með þátttöku foreldra í huga. Sameiginlegir viðburðir með foreldrum styrkir samstarf og samvinnu foreldra og leikskólans. Gert er ráð fyrir því að foreldrar mæti á þessa viðburði og taki þátt í þeirri dagskrá sem er í boði. Alla þessa viðburði má finna á skóladagatali leikskólans:

Danssýning – Nóvember

Öskudagsskemmtun – Febrúar/Mars

Jólaverkstæði – Desember

Útskrift elstu barnanna – Maí

Bóndadags- og konukaffi – Febrúar

Vorhátíð/Sumarhátíð – Júní/Ágúst

Bóndadags-konudagskaffi

Sameiginleg kaffistund fyrir pabba og mömmur, afa og ömmur, systkin, frændur og frænkur.

Bollu-, sprengi- og öskudagur

Á þessum dögum er haldið í hefðir og snæddar bollur á bolludaginn og saltkjöt og baunir á sprengidaginn. Á öskudaginn mega börnin koma í furðufötum eða búningum og við höldum öskudagsball um morguninn í sal leikskólans í samstarfi við foreldrafélagið.

Útskrift barna

Útskrift elstu barna leikskólans er haldin með útskrift og skólaslitum grunnskólabarna, fá börnin afhent útskriftarskjal ásamt gjöf frá leikskólanum.

Danssýning

Danssýning Auðarskóla er fyrir alla foreldra og aðra gesti nemenda í leik- og grunnskóla. Tveir elstu árgangar barna leikskólans fá danskennslu ásamt nemendum 1. til 10. bekkja. Í lokin er haldin danssýning þar sem afrakstur kennslunnar er sýndur.

Vorferð

Í júní sameinast starfsfólk í ferð fara oftast fjórir. Miðað er við að en 1 klst. á



börn, foreldrar og vorferðalagi og í þá elstu árgangarnir. akstur sé ekki lengri áfangastað. Börnin

ferðast í bílstólum sem foreldrar útvega og sjá um að festa í rútur. Matur og nesti er útvegað af leikskólanum.

Vor-/Sumarhátíð

Ýmist hafa verið haldnar vorhátíðir eða sumarhátíðir síðustu ár. Vorhátíð er haldin í júní en sumarhátíð í ágúst. Markmiðið hátíðanna er það sama og er að sameina börn, starfsfólk og foreldra og hafa gaman saman. Dagurinn er brotinn upp með ýmsum viðburðum eftir hádegi, bæði inni og úti, og er tilgangur hans að allir getið notið samverunnar í leik og starfi. Þessi viðburður er samstarfsverkefni með foreldrafélaginu. Viðburðurinn er auglýstur sérstaklega.

Nær samfélagið

Bókasafn Dalabyggðar

Reglulega fara börnin í leikskólanum á bókasafn Dalabyggðar. Þar eiga þau rólega stund, skoða bækur og stundum er lesið fyrir þau. Börnin velja sér einnig bækur sem þau mega taka með sér í leikskólann sem er svo skilað í næstu heimsókn.

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans er 6. febrúar og er tilgangur hans að kynna leikskólastarfið og efla samvinnu og samstarf við nær samfélagið. Í tilefni dagsins er opið hús og ýmsir viðburðir í boði.

Silfurtún

Leikskólinn fer í heimsókn á Silfurtún eftir því sem aðstæður leyfa. Markmiðið með heimsóknunum er að efla tengsl leikskólans við nær samfélagið og njóta samveru heimilisfólks Silfurtúns. Börnin fara í litlum hópum með starfsfólki leikskólans og stundum er sungið, stundum spilað, litað og teiknað.

Auðarskóli - Grunnskóli

Leikskólinn og grunnskólinn eiga í nánú samstarfi allt skólaárið. Nemendur í elsta árgangi leikskólans og 1. bekkjar grunnskólans hittast í sameiginlegum kennslustundum allt skólaárið. Að hausti eru kennslustundir skipulagðar og er markmiðið m.a. að börnin

kynnist umhverfi skólans og öðlist öryggi á nýjum vettvangi en einnig að börnin viðhaldi vinatengslum sem áður var til stofnað.

Einnig koma nemendur 7. bekkjar og lesa fyrir nemendur leikskólans og hefjast þær stundir yfirleitt upp úr Degi íslenskrar tungu.

Í lok nóvember fara þrír elstu árgangar leikskólans í danskennslu og stendur kennslan yfir í sex daga samfellt sem endar með danssýningu á lokadegi.



Í grunnskólanum eru vinaliðar, þar sem þeir nemendur sem eru vinaliðar taka að sér að skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum. Markmið verkefnisins er að veita forvörn gegn einelti, auka hreyfingu og að þjálf leiðtogaþæfni þeirra nemenda sem eru vinaliðar hverju sinni. Vinaliðar í 5.-7. bekk koma einu sinni í viku í leikskólann og stjórna leikjum í útivist.

Hefðir og venjur

Afmæli

Afmældidagur barnsins er merkisdagur í lífi þess. Haldið er hátíðlega upp á daginn og fær barnið m.a. að skreyta afmæliskórónu sem það ber allan daginn í leikskólanum og tekur svo heim með sér. Afmælissöngur er sunginn í ávaxtastund og þá er boðið upp á ávexti, popp og/eða saltstangir. Barnið fær einnig að velja sér sérstakan afmælismatardisk og glas fyrir hádegismat dagsins. Einnig er spjald hengt upp í fataklefa þannig að allir sjái hver á afmæli þann daginn. Þess er gætt að börn sem eiga afmæli í sumarfríi leikskólans fái að halda upp á það í ágúst eða þegar það kemur aftur í leikskólann að sumarfríi loknu. Ekki er gert ráð fyrir því að leikskólinn sé notaður til þess að bjóða í afmæli. Foreldrar eru því vinsamlega beðnir um að nota ekki leikskólann til slíks og finna aðrar leiðir til þess.

Hjóladagar

Hjóladögum í leikskólanum er dreift yfir skólaárið. Sérstakir hjóladagar leiða til þess að hjól eru ekki lengur í boði í útivist dag frá degi. Markmið hjóladaga er að öll börn fái að kynnst hjólum sem ferðamáta, efla hjólaþæfni og jafnvægi og njóta útiveru. Á hjóladögum er mikilvægt að öll börn komi með hjálm og að foreldrar sjái til þess að hann sé rétt stilltur þannig að vel falli að höfði barnsins. Einnig er mikilvægt að foreldrar virði markmið hjóladaga og leyfi börnum sínum að koma með hjól. Önnur farartæki eru ekki í boði svo sem rafmagnshjól eða leikföng af öðrum toga. Þeir sem ekki eiga hjól geta fengið lánuð hjól í leikskólanum. Stundum kemur lögreglumaður og skoðar hjólin og gefur skoðunarmiða. Einnig koma stundum félagar úr slysavarnafélaginu og hjálpa börnum að stilla hjálmana rétt.

Alþjóðlegi bangsadagurinn

Í kringum alþjóðlega bangsadaginn, 27. október, höldum við bangsadag á leikskólanum. Þá fara börnin í heimsókn á heilsugæsluna með bangsana sína og hitta hjúkrunarfræðing. Hjúkrunarfræðingurinn skoðar, vigtar og „bólusetur“ bangsana eins og gert er í ungubarna-skoðun, börnin fá svo blað heim með upplýsingum og staðfestingu á bólusetningu.



Baráttudagur gegn einelti

Á þessum degi er sérstaklega unnið með vináttu og nánd.

Dagur íslenskrar tungu

Á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar þann 16. nóvember, kemur 7. bekkur grunnskólans og les fyrir börnin. Í tengslum við daginn er unnið sérstaklega með ljóð, vísur og sögur sem tengjast íslenskri menningu og tungu.

Desember

Í desember er aðalmarkmiðið að hafa notalegt og rólegt andrúmsloft í leikskólanum, minnug þess að jólin eru hátíð ljóss og friðar. Litlu jólin eru haldin hátíðleg með jólaballi og þá koma nemendur og starfsfólk í betri fötum. Jólasveinar mæta á svæðið og spilað er undir söng.

Í samverustundum eru lesnar jólasögur og sungin jólalög, einnig búa börnin til jólagjafir handa foreldrum sínum. Í desember er farið í heimsókn á Silfurtún til að syngja jólalögin.

Endurvinnsla og flokkun

Í leikskólanum er hugað að endurvinnslu og því eru pappír, pappi, plast, málmur, gler og rafhlöður flokkuð og send í endurvinnslu. Einnig er þess gætt að spilliefnum sé skilað til eyðingar. Matarafgangar eru nýttir og þá sem fóður fyrir hænur og svín. Reynt er að fara sparlega með rafmagn t.d. með því að slökkva ljós í stofum sem ekki eru í notkun. Innkaupum er einnig stýrt þannig að sem flestar vörur séu umhverfisvænar. Stöðugt er hugað að umhverfisvænum lausnum og notkun á betri efniviði í starfsemi leikskólans. M.a. er unnið að því að minnka plastpokanotkun í innkaupum og í ruslafötum.

Foreldrafélag og skólaráð

Foreldrafélag skólans

Í Auðarskóla er sameiginlegt foreldrafélag fyrir leik- og grunnskóla. Gætt er þess í lögum foreldrafélagsins að fulltrúar foreldra barna á leikskóla séu ávallt í stjórn foreldrafélagsins. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir nemendur skólans og tekur m.a. þátt í vor/sumarhátíðum grunn- og leikskólans og öskudagsskemmtunum. Í stjórn foreldrafélagsins eru 5 fulltrúar; formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur. Eru þeir kosnir á aðalfundi að hausti. Allir foreldrar eru sjálfkrafa í félaginu þegar barnið hefur leikskólagöngu og greiða árgjald. Óski foreldrar eftir því að vera ekki í félaginu eru þeir beðnir að hafa samband við formann félagsins hverju sinni. Foreldrafélagið innheimtir gjald með greiðsluseðli einu sinni á ári og er það fast gjald fyrir hverja fjölskyldu, óháð því hversu mörg systkini sækja skólann. Nánar má kynna sér lög og reglur foreldrafélagsins á heimsíðu skólans: [Foreldrafélag Auðarskóla | Auðarskóli \(dalir.is\)](#)

Skólaráð

Í Auðarskóla er sameiginlegt skólaráð fyrir leik- og grunnskóla. Gætt er þess að fulltrúar foreldra barna í leikskóla séu ávallt í stjórn í skólaráði. Í ráðinu sitja að lágmarki þrír foreldrar, skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og kosið til eins árs í senn. Hlutverk skólaráðsins er að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Skólaráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á skólastarfinu. Nánar má kynna sér lög og reglur foreldrafélagsins á heimsíðu skólans: [Skólaráð | Auðarskóli \(dalir.is\)](#)

Stoðþjónusta

Hægt að kynna sér stoðþjónustu Auðarskóla nánar hér: [Stoðkerfi](#) | [Auðarskóli \(dalir.is\)](#)

Sérkennsla

Þau börn sem þurfa á sérkennslu/þjálfun að halda fá hana samkvæmt lögum um leikskóla. Í leikskólanum er sérkennsla eða þjálfun undir handleiðslu leikskólakennara í samvinnu við fagaðila og eru þeir ásamt leikskólastjóra og deildarstjóra ábyrgir fyrir því að gerðar séu áætlanir vegna barnanna og þeim framfylgt. Í foreldrasamtali er leitað eftir áliti foreldra og rætt um stöðu barnsins í þroska og námi. Ef í ljós kemur að framfarir barnsins eru ekki sem skyldi eða áhyggjuefni foreldra mörg er leyfi foreldra fengið til að sérfræðingur geri formlega athugun á þroska barnsins í leikskólanum með viðeigandi þroskaprófi eða matstæki. Slíkt mat getur farið fram með þátttöku foreldra. Ef niðurstöður athugana sýna að barn þarfnist sérkennslu/þjálfunar í leikskólanum eru gerðar ráðstafanir sem miða að því að kennslan geti farið fram innan ramma leikskólastarfsins.

Talmeinafræðingur

Auðarskóli er í samstarfi við Tröppu sem býður upp á talþjálfun í gegnum netið og er talþjálfun sinnt af talmeinafræðingi. Forráðamenn barna, starfsmenn leikskóla, félagsþjónustu og heilsugæslu geta átt frumkvæði að athugun og greiningu á einstökum nemendum. Þjónusta gagnvart einstökum nemendum er gerð í kjölfar beiðni á þar til gerðu eyðublaði sem fæst í skólanum. Beiðni fer í gegnum deildarstjóra og/eða stjórnendur skólans.

Skólasálfræðingur

Skólasálfræðingur Auðarskóla kemur reglulega til starfa í skólanum. Mál er varða þroska og hegðun heyra undir hans sérfræði. Sálfræðiþjónusta (greining og ráðgjöf) gagnvart einstökum nemendum er gerð í kjölfar beiðni, sem þarf að gera á þar til gerðu eyðublaði sem fæst í skólanum. Forráðamenn barna, starfsmenn leikskóla, félagsþjónustu og heilsugæslu geta átt frumkvæði að athugun og greiningu á einstökum nemendum. Beiðni fer í gegnum deildarstjóra og/eða stjórnendur skólans.

Félagsþjónusta

Félagsmálanefnd Dalabyggðar heldur utan um félagsþjónustu sveitarfélagsins. Undir félagsþjónustu fellur félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagsleg liðveisla og stuðningur við fatlaða og fjölskyldur fatlaðra barna. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Dalabyggðar, [Félagsþjónusta - Dalabyggð](#). Í Dalabyggð er í gildi samningur við Samskiptastöðina sem sér um utanumhald og vinnslu barnaverndarmála fyrir Dalabyggð, [Barnavernd - Dalabyggð](#).

Hagnýtar upplýsingar

Veikindi

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum. Börn skulu vera heima hitalaus í einn sólarhring áður en þau koma aftur í leikskólann ef þau hafa verið veik. Þau mega vera inni einn dag eftir veikindi í leikskólanum en starfsfólk áskilur sér rétt til að meta hvort barn sé hæft til útiveru í samráði við foreldra. Ekki eru gefin lyf í leikskólanum nema í undantekningartilfellum og í samráði við deildarstjóra/aðstoðarleikskólastjóra.

Mikilvægt er að tilkynna til leikskólans ef börn eru veik, með símtali eða í gegnum Karellen og skal það gert alla þá daga sem barn er veikt.

Leyfi

Ef barn fer í leyfi þarf að tilkynna það til leikskólans. Vinsamlegast tilkynnið leyfi sem er löngu undirbúið með góðum fyrirvara því að leyfi getur haft áhrif á viðfangsefni og þátttöku barns í viðburðum. Tilkynna skal leyfi, með símtali, tölvupósti eða í gegnum Karellen.



Sumarfrí

Leikskólinn fer í sumarfrí frá 30. júní 2026 og er lokaður í samfelldar 5 vikur frá þeirri dagsetningu. Vinsamlegast kynnið ykkur sumarlokun á skóladagatali sem finna má á heimasíðu skólans, audarskoli.is.

Óhöpp og slys

Ef um augljóslega lítilsháttar meiðsli er að ræða þá á að búa um það og/eða leyfa barninu að jafna sig í skólanum. Ef um er að ræða meiðsli sem erfitt er að meta hvort það sé lítilsháttar eða alvarlegt þá hringir deildarstjóri í foreldra/forráðamenn og lýsir atvikinu og meiðslum eins ítarlega og hægt er. Ákvörðun um framhaldið er tekin sameiginlega af starfsmanni og foreldrum.

Ef um er að ræða bak- eða höfuðáverka er ávallt haft samband við foreldra og farið með barnið á heilsgæslustöðina til nánari athugunar og aðhlynningar.

Ef um er að ræða alvarlegri slys þá er farið eftir ákveðinni áfallaáætlun.

Öll slys sem verða á nemendum eru skráð á slysskráningarblöð.



Smádót-leikföng að heiman

Foreldrar eru vinsamlega beðnir um að koma í veg fyrir að börnin séu að koma í leikskólann með smádót eins og peninga, hringa og hálsfestar eða önnur leikföng o.s.frv.. Þessir hlutir geta bæði týnst og skemmst, auk þess sem slíkt veldur togstreitu meðal barnanna þegar sumir taka með leikföng að heiman og aðrir ekki.

Bílastæði

Foreldrar hafa greiðan aðgang að bílastæðum fyrir framan leikskólann. Þess ber þó að geta að skólabílar þurfa einnig að hafa greiðan aðgang að bílastæðum og stundum geta þeir allir verið að koma og fara á sama tíma. Skólabílar koma yfirleitt um kl. 8.10 til kl. 8.20 í leikskólann og fara um kl. 15.

Mikilvægt er að foreldrar og skólabílstjórar sýni þá tillitsemi að drepa á bílum sínum bæði við komu og brottför þar sem útblástur bíla er mengandi.

Óveður og ófærð

Skólahaldi, bæði í grunn- og leikskóla, er alla jafna ekki aflýst nema í allra verstu veðrum. Slíkt er ávallt auglýst í útvarpi snemma morguns og með tilkynningu úr Mentor. Hins vegar kann veður á einstökum akstursleiðum skólans að vera ólíkt öðrum og þá er skólaakstri á þeim leiðum, þar sem veður hamlar ferðaöryggi, aflýst. Þá er eftirfarandi verklagsreglum fylgt:

- a) Akstri seinkar vegna færðar/veðurs. Mentor tölvupóstur og sms send út frá skóla. Skólabílstjóri lætur heimili vita.
- b) Akstur felldur niður vegna færðar/veðurs. Mentor tölvupóstur og sms send út frá skóla. Skólabílstjóri lætur heimili vita.
- c) Bílstjóri getur ákveðið að ekki sé ráðlegt að taka leikskólabarn með að morgni vegna vafa um veður og færð. Bílstjóri lætur heimili vita. Skólastjóri sendir einnig tölvupóst á viðkomandi heimili.
- d) Versni veður á skólatíma getur skólastjóri/bílstjóri ákveðið að óska eftir að akstri sé flýtt. Mentor tölvupóstur og sms send út frá skóla.
- e) Sú staða getur komið upp að ekki sé ráðlegt að fara af stað með börn í lok skóladags. Skólaritari/umsjónarkennarar/kennarar hafa þá samband við heimili og útskýrir stöðuna. Mentor tölvupóstur og sms send út frá skóla.
- f) Foreldrar hafa alltaf vald til að ákveða hvort ráðlegt er að senda barn með skólabíl vegna færðar/veðurs og fær barn leyfi skv. því. Foreldri lætur skólabílstjóra vita sem og skóla.

Foreldrar/forráðamenn nemenda meta sjálfir hvort þeir senda börn sín í skólann ef veður eru válynd. Í allri tvísýnu skal öryggi barnsins njóta vafans. Ef barn er haft heima vegna veðurs er það tilkynnt skóla.

Skólahald getur raskast í vöndum veðrum vegna þess að hluti starfsmanna kemst ekki til starfa. Engu að síður er reynt að halda uppi stundaskrá í grunnskóla og dagskipulagi í leikskóla sé það mögulegt. Versni veður á skólatíma flýtir skólinn stundum heimakstri. Tilkynning um það er sent út frá skóla í gegnum Mentor tölvupóst og sms.

Verði veður svo slæm eða válynd í lok skóladags á einhverjum akstursleiðum að börn í leik- og grunnskóla komist ekki heim er gripið til eftirfarandi ráðstafana:

- Börnin eru höfð í skólanum í umsjón starfsfólks þar sem þau fá hressingu og þeim fundið eitthvað til dægrastyttingar.
- Haft er samband heim símleiðis til foreldra; upplýsingar veittar og í sameiningu gerðar ráðstafanir um framhaldið eftir aðstæðum.
- Ef útséð er með að ekki verði komið á heimferð fyrir nóttina vinna starfsmenn og foreldrar í sameiningu að því að koma börnum í gistingu hjá vandamönnum í Búðardal.
- Í einstökum tilvikum kunna börn að þurfa að gista í skóla með starfsfólki.

Ef óveður og eða ófærð innan Búðardals hamlar því að hægt sé að sækja börn í skóla er leitað til björgunarsveitar og lögreglu með aðstoð.